



FUNDARGERÐ

Hópur: Starfshópur um starfsemi Vinjar

2. fundur:

Efni fundar: Fundargerð starfshóps um starfsemi Vinjar

Viðstaddir: Aðalbjörg Traustadóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir (sem sat fundinn rafrænt).

Fundardagur: 7. febrúar 2023

Tími: 14:30-16:00

Fundarstaður: Hof, Borgartúni 12-14

1. Rætt um vinnutilhögun hópsins næstu fundi.
Sammælt um að fara byrja á fyrsta verkefni sem tilgreint er í erindisbréfi hópsins:

Ljúka þeirri vinnu sem fara átti fram í kjölfar samþykktar velferðarráð frá maí 2021, sem tafðist vegna Covid-19, þ.e. útfæra hvernig starfsemi Vinjar getur orðið hluti af rekstri félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar.

2. Hópurinn er sammála um að fyrsta skrefið sé að ná sameiginlegum skilningi á tillögunni. En ljóst er að fólk hefur lagt mismunandi merkingu í efni tillögunnar.
3. Farið yfir fundargerð Harðar frá fundi hans með gestum Vinjar.
4. Hópurinn er sammála um mikilvægi þess að vandað sé til verka og að hlúa verði að gestum Vinjar á þessum breytingatímum. Á fundi Aðalbjargar með Kristínu, Herði og Halldóru, mánudaginn 6. febrúar, kom eftirfarandi m.a. fram:
 1. Bjart og hlýlegt húsnæði skiptir miklu máli
 2. Vingjarnlegt viðmót skiptir miklu máli
 3. Samkennd skiptir miklu máli
 4. Aðgengi fyrir fatlaða og þá sem eru með færniskerðingar þarf að vera fyrir hendi
 5. Hópurinn hafnar því að skiljast að
 6. Telja ferðafélagið þurfa að viðhalda félagslegum tengslum á milli meðlima.
7. Gestir Vinjar fái tækifæri á að skoða loka tillögur hópsins áður en þær verða kynntar í velferðarráði.
5. Ljóst er að allir þurfi að taka á sig breytingar, þ.e. félagsmiðstöðvarnar þurfi líka að vera opnar fyrir nýjum hópi fólks og leggja þarf línur að því að stjórnendur þeirra fari inn í verkefnið með opnum huga.
6. Þegar veikir einstaklingar mæta í félagsstarf eins og Vin er mikilvægt að þeir séu gripnir um leið og þeir sýna áhuga á virkni.
7. Áhugavert að fara í samtal við Dvöl í Kópavogi sem er einnig í breytingavinnu. Halldóra ætlar að óska eftir að fulltrúar frá Dvöl og Læk í Hafnarfirði mæti á næsta fund hópsins, þriðjudaginn 14. febrúar, gert er ráð fyrir að þau mæti kl. 15.
8. Hópurinn sammælist um að gott væri að fá fulltrúa frá borginni inn á fund hópsins sem getur komið og rætt um þær hugmyndir sem unnið er að við mótun samfélagshúsa. Óskað verður eftir því að Sigríður Arndís Jóhannsdóttir mæti á næsta fund hópsins, þriðjudaginn 14. febrúar, gert er ráð fyrir að hún mæti kl. 14:30.



Reykjavíkurborg